



Bæjarstjórn Garðabæjar 12. (890)/2021

Boðað er til 12. (890). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. september 2021 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2109011F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/9 '21.
2. 2109022F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/9 '21.
3. 2109009F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 6/9 '21.
4. 2109014F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 8/9 '21.
5. 2109028F - Fundargerð ungmennaráðs frá 30/8 '21.
6. 2109005F - Fundargerð öldungaráðs frá 6/9 '21.
7. 2101300 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 13/8 og 3/9 '21.
8. 2102176 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 26/8 og 30/8 '21.
9. 2102291 - Fundargerð 34. eigendafundar Sorpu bs. frá 30/8 '21.
10. 2102292 - Fundargerð 32. eigendafundar Strætó bs. frá 30/8 '21.
11. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 6/9 '21.
12. 2102249 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 20/8 '21.
13. 2101001 - Leiðréttingar á kjörskrá vegna kosninga til Alþingis.
14. 2101001 - Tillaga að veita bæjarráði umboð til að gera leiðréttingar á kjörskrá.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
11. (889). fundur 2021

Fimmtudaginn 2. september 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Kjartan Örn Sigurðsson, Kristjana F. Sigursteinsdóttir, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vefsíðu bæjarins.

Almar Guðmundsson, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Í upphafi fundar minntist forseti Sigrúnar Gísladóttur, fv. skólastjóra Flataskóla og fv. bæjarfulltrúa, en Sigrún lést í gær eftir skammvinn veikindi. Bæjarfulltrúar risu úr sætum og heiðruðu minningu Sigrúnar með einnar mínútu þögn.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 19. ágúst 2021 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2108019F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/8 '21.

Ingvar Arnarson, ræddi 11. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um stöðu innritunar barna í leikskóla bæjarins og fór fram á að bókun Söru Daggar Svanhildardóttur verði færð í fundargerð bæjarstjórnar.

„Garðabæjarlistinn gagnrýnir þau vinnubrögð sem bæjarstjóri kys að viðhafa í upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa. Í vikunni sem leið óskuðu bæjarfulltrúi og nefndarmaður leikskólanefndar ítrekað eftir upplýsingum frá fræðsluviði um innritun á leikskóla sveitarfélagsins. Þeirri ósk var ítrekað hafnað á þeim forsendum að engar upplýsingar yrðu kynntar fyrr en á fyrirhuguðum fundi leikskólanefndar sem fram fer þann 15. september. Sú tímasetning finnst okkur í minnihlutnum ótæk miðað við þá stöðu sem uppi er varðandi innritun vegna skorts á leikskólaplássi.

Á bæjarstjórnarfundum þann 19. ágúst síðastliðinn fer bæjarfulltrúi og formaður skólanefndar með upplýsingar um stöðu innritunar í leikskólana, sömu upplýsingar og fulltrúar Garðabæjarlistans höfðu óskað eftir án árangurs.“

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs varðandi málefni stafrænnar þróunar hjá sveitarfélögunum og upplýsti um að stafrænt ráð Sambandsins hafi kynnt niðurstöðu, sem byggir á skoðunarkönnun sem gerð var meðal sveitarfélaga, um þau verkefni sem unnið verði nánar að sameiginlega fyrir sveitarfélögin.

Fundargerðin sem er 13 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 2108025F - Fundargerð bæjarráðs frá 31/8 '21.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., kynningu á málefnum Sorpu bs.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., kynningu á málefnum Sorpu bs.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., kynningu á málefnum Sorpu bs., og 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis vegna lóðarinnar við Brekkuás.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., kynningu á málefnum Sorpu bs.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi kynningu á málefnum Sorpu bs.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 16. tl., áskorun varðandi sumarfrístund í Garðabæ.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 16. tl., áskorun varðandi sumarfrístund í Garðabæ.

Kristjana F. Sigursteinsdóttir, ræddi 20. tl., tilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi skýrslu um styrkingu leikskólastigsins.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 36. gr. laganna vegna svæðis við Brekkuás. Tillagan var auglýst og bærust athugasemdir. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og senda tillöguna til afgreiðslu Skipulagsstofnunar. (Mál nr. 2010333)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis vegna lóðarinnar við Brekkuás 2 samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 43. gr. sömu laga. Tillagan var auglýst og bærust athugasemdir. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær. (Mál nr. 2005435)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóðanna við Eskiás 2, 4 og 6, samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 43. gr. sömu laga. Tillagan var auglýst og bærust athugasemdir. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær. (Mál nr. 2102023)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Arnarness í tilefni umsóknar um viðbyggingu utan byggingarreits á lóðinni við Blikanes 22, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Blikaness 19, 20, 21, 23, og 24 og Tjaldaness 17. (Mál nr. 2108232)

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri vék sæti við afgreiðslu málsins.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um umferðarmerkingar vegna biðskyldu í Urriðaholti og Molduhrauni. Fyrir liggur minnisblað Eflu og jákvæð umsögn lögreglu. Auglýsing skal birt í B-deild Stjórnartíðinda varðandi sérákvæði fyrir umferð í Garðabæ í samræmi við framlagða tillögu, sbr. 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. (Mál nr. 2003434)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir gatnagerð í hesthúsahverfi á Kjóavöllum. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulagsskilmála. (Mál nr. 2108229)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir gatnagerð í Garðahrauni sunnan Garðahraunsvegjar. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulagsskilmála. (Mál nr. 2108312)

Bæjarstjórn samþykkir með tíu atkvæðum tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir bráðabirgða reiðstíg í Urriðakotshrauni. Framkvæmdin er með samþykki landeiganda. Ingvar Arnarson situr hjá við afgreiðslu málsins. (Mál nr. 2010304)

Fundargerðin sem er 21 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2108010F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 18/8 '21.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar, 2. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021 og 3. tl., kynningu og umfjöllun á skýrslu um stöðu barna með fjölbættan vanda.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 2. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 2. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls og ræddi í þessu samhengi brýna nauðsyn á stækkun húsnæðis Fjölbætaskólans í Garðabæ og möguleikum í því sambandi til að styðja ungt fólk.

Fundargerðin lögð fram.

4. 2108022F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 26/8 '21.

Sigurður Guðmundsson ræddi 5. tl., breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda, 10. tl., stækkun lóðar við Kauptún 1 og 15. tl., reglur um biðskyldu í Urriðaholti og Molduhrauni.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2106038F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 25/8 '21.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/8 '21.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2102176 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 16/8 '21.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2006130 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2021.

Gunnar Einarsson, bærarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 1.100.000.000. Um er að ræða verðtryggt lán með 1,20% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 13 ára og án heimildar til uppgreiðslu.

"Bærarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 1.100.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánsamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bærarstjórnin hefur kynnt sér. Bærarstjórn Garðabæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til byggingar fjölnota íþróttahúss sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bærarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns."

Bærarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku að fjárhæð kr. 1.100.000.000 hjá Lánasjóði sveitarfélaga, samkvæmt heimild í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2021."

9. 1907110 - Tillaga um breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð.

Almar Guðmundsson, gerði grein fyrir tillögu að breytingu á 8. gr. reglna um fjárhagsaðstoð en tillaga er um að greinin hljóði svo:

„Fjárhagsaðstoð er ekki veitt aftur í tímann nema veigamikil rök mæli með því.

Með umsókn um fjárhagsaðstoð aftur í tímann skal fylgja ítarlegur rökstuðningur sem styður hvers vegna umsækjanda hafi verið ómögulegt að sækja um í þeim mánuði sem umsókn aftur í tímann tekur til. Einnig skulu fylgja gögn, s.s. læknisvottorð, því til stuðnings. Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en 4 mánuði frá því að umsókn er lögð fram sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.“

Tillaga um breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð samþykkt samhljóða.

10. 2108721 - Tillaga Garðabæjarlistans um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Ingvar Arnarson, lagði fram og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu Garðabæjarlistans um systkina- og fjölgreinaafslátt.

„Bærarstjórn Garðabæjar samþykkir að þegar að samið er um stuðning við félög í bæjarfélaginu sem bjóða upp á skipulagt íþrótta- og tómstundastarf verði tryggt að félögin bjóði systkina- og fjölgreinaafslátt.“

Greinargerð.

Með systkina- og fjölgreinaafslætti er stigið mikilvægt skref í að minnka útgjöld barnafjölskyldna í bæjarfélaginu og er það í takt við fjölskylduvænar áherslur. Ávinningur af slíku felur auk þess í sér að tryggja að öll börn hafi sem jafnastan aðgang að íþrótta- og tómstundaiðkun ásamt því að fá aukin tækifæri til þess að prófa fleiri greinar.

Í samanburði við nágrannasveitarfélögin þá er Garðabær eftirbátur nágrannasveitarfélaga hvað varðar systkinaafslætti og jafnframt eru æfingagjöld í hærri lagi. Það er því ljóst að með þessari breytingu myndi létta á útgjöldum barnafjölskyldna. Útfærsla systkinaafsláttar eru með ýmsu móti, í

nágrannasveitarfélögum er afsláttur á bilinu 10-15%, útfærður á mismunandi vegu og því mikilvægt að koma á samræmi á milli íþróttafélaga innan sveitarfélagsins.

Gunnar Einarsson, tók til máls og lagði til að tillögunni verði vísað til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022.

Kjartan Örn Sigurðsson, tók til máls.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022.

11. 2101001 - Kosning fulltrúa í undirkjörstjórnir vegna kosninga til Alþingis 25. september 2021.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, tók til máls og ræddi aðgengi fatlaðs fólks að kjörstöðum og nauðsyn þess að taka á móti ábendingum um það sem betur má fara til að bæta aðgengi.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi aðila í undirkjörstjórn og hverfiskjörstjórn á Álftanesi.

Aðalsteinn Baldursson, Anna Kristmundsdóttir, Anna Margrét Halldórsdóttir, Anna R. Möller, Auður Atladóttir, Auður Björgvinsdóttir, Árni Gunnar Kristjánsson, Ásgeir Örn Sigurpálsson, Birta María Sigmundsdóttir, Daniel Jósefsson, Dóra Viðarsdóttir, Dóra Þórisdóttir, Dröfn Ágústsdóttir, Eiríkur Sigurðsson, Elín Guðný Gunnarsdóttir, Elísa Margrét Pálmadóttir, Erna Björk Ásbjörnsdóttir, Fanney Óskarsdóttir, Guðfinna Dröfn Aradóttir, Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, Guðríður Eyvindardóttir, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir, Gunnhildur Eva Arnoddsdóttir, Gunnsteinn Geirsson, Halla Þórisdóttir, Haukur Steinn Helgason, Helga G. Sigurðardóttir, Herdís Jónsdóttir, Herdís Sigurbergisdóttir, Hilmar Kristjánsson, Hjördís Jóna Gísladóttir, Íris Rut Erlingsdóttir, Íris Rut Sigurbergisdóttir, Katrín Halldórsdóttir, Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Kolbrún Sigmundsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Rós Björnsdóttir, Ragnheiður Stephensen, Rakel Einarsdóttir, Rúna Lía Þráinsdóttir, Sara Þrastardóttir, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Skarphéðinn Jónsson, Snædís Björnsdóttir, Sæunn Eiríksdóttir, Vala Dröfn Hauksdóttir, Þorgerður Kristinsdóttir, Þórdís Tryggvadóttir


Hverfiskjörstjórn á Álftanesi.

Guðrún Jónsdóttir, Lúðvík Hjalti Jónsson, Andrés Sigurðsson


Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.


Fundargerð bærarstjórnar Garðabæjar 2. september 2021 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærarfulltrúa.















Kristjana Sigríð





Fundargerð bæjarstjórnar 2. september 2021 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Kristjana F. Sigursteinsdóttir, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Kjartan Örn Sigurðsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
33. (1991). fundur 2021

Þriðjudaginn 7. september 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Ingvar Arnarson, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2108482 - Kynning á verkefni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. (Jón Viðar mætir á fundinn)

Á fund bæjarráðs kom Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og gerði grein fyrir verkefni við kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði. Fram koma að sérstök áhersla verður lögð á öryggismál eins og brunavarnir sem og félagslega stöðu þeirra sem hafa búsetu í atvinnuhúsnæði.

Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 20 m.kr. og mun Húsnæðis og mannvirkjastofnun greiða um 40% en sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu 60%, sem skiptist í samræmi við íbúafjölda. Hluttur Garðabæjar er um 1,0 mkr.

Jóna Sæmundsdóttir, bæjarfulltrúi var á fjarfundi undir þessum dagskrárlið.

2. 2104529 - Sunnuflöt 17 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita GB-Global ehf., kt. 411014-0960, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Sunnuflöt 17.

3. 2101001 - Bréf Þjóðskrár Íslands varðandi kjörskrárstofn vegna kosninga til Alþingis 25. september 2021, dags. 21.08.21.

Lagt fram eintak af kjörskrá fyrir Garðabæ vegna kosninga til Alþingis sem fram eiga að fara 25. september 2021. Á kjörskrá eru samtals 13.369 kjósendur. Í Íþróttahúsinu Mýrinni er fjöldi kjósenda 11.308 og í Álfthanesskóla 2.061. Kjósendum hefur fjölgað um 1.652 frá síðustu kosningum til Alþingis 2017. Bæjarráð staðfestir með vísan til 22. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, kjörskrá Garðabæjar til að gilda við kosningar til Alþingis sem fram eiga að fara 25. september 2021. Kjörskráin skal auglýst og liggja frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Garðabæjar í Ráðhúsinu við Garðatorg frá 14. september nk. til kjördags.

4. 2109001 - Árshlutareikningur Strætó bs. janúar - júní 2021.

Lagður fram.

5. 2109035 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, dags. 30.08.21.

Lagt fram.

Bæjarstjóri upplýsti að fyrirhugaður er örfundur á vegum SSH föstudaginn 10. september nk. þar sem farið verður nánar yfir verkferla við innleiðingu laganna hjá sveitarfélögum.

- 6. 2109042 - Áætlun um hönnun og framkvæmdir við gatnagerð í Vetrarmýri og á Hnoðraholti.**
Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir áætlun um hönnun og framkvæmdir við gatnagerð í Vetrarmýri og Hnoðraholti. Framkvæmdir við Vetrarbraut hafa þegar verið boðnar út en stefnt er að útboði framkvæmda í Vetrarmýri í desember 2021 og á Hnoðraholti í febrúar 2022.
- 7. 2009461 - Tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um drög að reglugerð varðandi breytingar á starfssvæði heilbrigðiseftirlits, dags. 31.08.21.**
Lögð fram drög að reglugerð um breytingu á starfssvæði heilbrigðiseftirlits sem ráðuneytið stefnir að því að auglýsa fljótlega með gildistíma frá 1. janúar nk.
- 8. 2109053 - Bréf Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda, dags. 01.09.21.**
Bæjarráð samþykkir að veita Golfklúbbsi Kópavogs og Garðabæjar styrk að fjárhæð kr. 9.263.793 til greiðslu fasteignagjalda árið 2021.
- 9. 2109051 - Undirbúningur að hönnun og framkvæmdum við búsetukjarna að Brekkuási 2.**
Á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 2. september sl. var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis sem gerir ráð fyrir að byggður verði búsetukjarni fyrir fatlað fólk á lóðinni við Brekkuás 2.

Bæjarstjóri kynntu hugmynd um að láta fara fram alútboð vegna hönnunar og byggingar húsnæðis fyrir búsetukjarna á lóðinni.

Bæjarstjóra falið að vinna áfram að málinu og verður útboðslýsing þegar hún liggur fyrir lögð fyrir bæjarráð.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 7. september 2021 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
34. (1992). fundur 2021

Þriðjudaginn 14. september 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2107277 - Keldugata 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Keldugötu 2 ehf., kt. 620920-1500, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 9 íbúðum á lóðinni við Keldugötu 2.

2. 2107049 - Spítalavegur 2b Mánahvoll - leikskóli - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita tækni- og umhverfissviði Garðabæjar leyfi til að byggja sex deilda leikskóla við Spítalaveg 2b.

3. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025) - drög að forsendum.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri kom á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir forsendum og vinnuferlum vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2022 (2022-2025).

Fjárhagsáætlun verður lögð fram í bæjarráði 26. október 2021 og tekin til fyrri umræðu í bæjarstjórn 4. nóvember 2021. Síðari umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð 2. desember 2021.

Bæjarráð samþykkir forsendur og verkferla fjárhagsáætlunar 2022.

4. 2109116 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins varðandi drög að breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar, dags. 01.09.21

Bæjarráð lýsir yfir jákvæðri afstöðu til þess að sveitarstjórnarmönnum verði heimilt að taka þátt í fundum sveitarstjórnar, nefnda og ráða með rafrænum hætti og felur bæjarstjóra að undirbúa tillögu um breytingu á samþykkt stjórn Garðabæjar þar sem kveðið verði á um heimild til rafrænna funda í bæjarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins.

5. 2109117 - Opnun tilboða í eftirlit með framkvæmdum við gatnagerð við Vetrarbraut.

Eftirfarandi tilboð bárust í eftirlit með framkvæmdum við gatnagerð við Vetrarbraut.

Strendingur ehf.	kr. 9.425.000
VSÞ Verkfræðistofa	kr. 10.202.450
Verkfræðistofa Reykjavíkur ehf.	kr. 10.949.860
Verkís hf.	kr. 11.549.850
VSÓ Ráðgjöf ehf.	kr. 11.851.920
Hnit verkfræðistofa ehf.	kr. 11.928.800
Mannvit hf.	kr. 13.122.500
Kostnaðaráætlun	kr. 12.370.000

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Strendings ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að liða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda

6. 2109165 - Bréf Golfklúbbsins Odds og Golfsambands Íslands um styrk vegna Evrópumóts stúlknaandsliða 2022, dags. 06.09.21.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022.

7. 2105286 - Bréf Sjúkratrygginga Íslands varðandi afturköllun Hrafnistu á samningi um starfsemi Ísafoldar, dags. 01.09.21.

Í bréfinu er upplýst um að Sjómannadagsráð hefur dregið til baka uppsögn sína á rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar og að reksturinn verði áfram á vegum Sjómannadagsráðs og Hrafnistu.

8. 2109217 - Bréf Almannaheilla - samtök þriðja geirans varðandi vettvang fyrir samfélagslega nýsköpun í Garðabæ, dags. 08.09.21

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi með fulltrúum samtakanna en í bréfinu kemur fram að samtökin hafa fengið húsnæði fyrir starfsemi sína í Garðabæ. Bæjarráð lýsir ánægju með starfsemi samtakanna við að leita nýrra leiða til að mæta þörfum og koma með skapandi lausnir, beita hugviti og nýsköpun í samfélagsþjónustu.

Bæjarráð vísar bréfinu til leikskólanefndar, skólanefndar grunnskóla, fjölskylduráðs, íþrótt- og tómstundaráðs og menningar- og safnanefndar.

9. 2109149 - Greinargerð yfirflokkstjóra umhverfishópa - hreinn bær - betri bær sumarið 2021.

Lögð fram greinargerð yfirflokkstjóra umhverfishópa sumarið 2021.

10. 2109223 - Tilkynning Skipulagsstofnunar um ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, dags. 01.09.21

Lögð fram.

11. 2109227 - Tilkynning umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi aðgerðaáætlun um aukna vernd votlendis, dags. 08.09.21.

Lögð fram og vísað til kynningar í umhverfisnefnd.

12. 2107183 - Útboð þjónustu iðnaðarmanna - raflagnir.

Á fundi bæjarráðs sem haldinn var 13. júlí 2021 voru lögð fram tilboð í þjónustu rafvirkja. Einn bjóðenda kærði útboðið og hefur af þeirri ástæðu ekki verið tekin afstaða til tilboða. Kæran er enn til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála.

Gildistími tilboða er runnin út og ekki hefur verið leitað eftir framlengingu á gildistíma tilboða sem er háð því að fyrir liggi samþykki allra bjóðenda.

Útboðið telst því fallið niður og samþykkir bæjarráðs að þjónusta rafvirkja verði boðin út að nýju.

13. 2109239 - Tilkynning heilbrigðisráðuneytisins varðandi fyrstu áfangaskýrslur um óbein áhrif COVID-19 á samfélagið, dags. 09.09.21.

Lögð fram og vísað til skólanefndar, leikskólanefndar, fjölskylduráðs og íþrótt- og tómstundaráðs og menningar- og safnanefndar.

14. 2108194 - Bréf heilbrigðiseftirlitsins varðandi starfsleyfi Rio Tinto í Straumsvík, dags. 09.09.21.

Í bréfinu eru vakin athygli á umfjöllun heilbrigðisnefndar um tillögu að nýju starfsleyfi fyrir álver Rio Tinto á Íslandi hf. í Straumsvík sem er til meðferðar hjá Umhverfisstofnun.

Heilbrigðisnefndin gerir athugasemd við að óbreytt vöktunaráætlun gildi til 2029 og bendir á að leggja þarf fram raunhæft mat á þörf vöktunar á Garðaholti.

Bæjarráð ítrekar bókun frá fundi 20. apríl 2021 og felur bæjarstjóra að koma henni framfæri við umhverfisstofnun.

„Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisnefndar um að nauðsynlegt sé við endurútgáfu á starfsleyfi fyrir Álverið í Straumsvík að bæta vöktunaráætlun vegna flúormælinga í gróðri fyrir svæðið í heild og þar með talið svæðið á Garðaholti.“

15. 2109240 - Bréf Vegagerðarinnar varðandi ósk um viðræður vegna skilavega, dags. 07.09.21.

Í bréfinu er farið fram á að Garðabær tilnefni tengilið til að taka þátt í viðræðum og undirbúningi að því að Garðabær taki yfir veghald á Vífilsstaðsvegi og Elliðavatnsvegi að uppfylltum skilyrðum varðandi viðhaldsástand.

Bæjarráð tilnefnir Eystein Haraldsson, bæjarverkfræðing sem tengilið Garðabæjar vegna verkefnisins og felur bæjarstjóra að fylgja eftir kröfu gagnvart ríkinu um fjármögnum vegna framtíðarrekstrar við veghaldið.

16. 2109206 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi kæru vegna lokaúttektar byggingar að Sjónarvegi 1, dags. 07.09.21.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

17. 2107321 - Tilboð í byggingarrétt lóða við Þorraholt.

Lagt fram tilboð frá Sentor ehf., kt. 480506-0810 að fjárhæð kr. 101.255.000 í lóðina við Þorraholt 2.

Bæjarráð vísar tilboðinu á þessu stigi til nánari skoðunar bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 14. september 2021 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

34. fundur 2021

Mánudaginn 6. september 2021 kl. 16:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2109086 - Dagskrárbæklingur haust 2021

Menningarfulltrúi kynnti nýútkomna haustdagskrá menningarmála í Garðabæ. Dagskráin inniheldur m.a. viðburði og sýningar Hönnunarsafns Íslands, Bókasafns Garðabæjar. Auk þess er þar sagt frá viðburðum verkefnisins „Við langeldinn/Við eldhúsborðið“ sem styrkt er af Barnamenningarsjóði og fer fram tvisvar sinnum í mánuði. Þá er dagskrá hádegistónleikaraðarinnar Tónlistarnæring kynnt. Haustdagskráin var borin á öll heimili í Garðabæ og er aðgengileg á vef Garðabæjar og í pappírsformi á söfnum og í þjónustuveri bæjarins.

2. 2109085 - Menningarsumarið 2021

Menningarfulltrúi sagði frá hvernig tókst til með sumardagskrá sem sumarstarfsmenn sáu um en smíðjur fyrir börn fóru fram tvisvar sinnum í viku í Hönnunarsafninu, einnig sáu sumarstarfsmenn um sumarsunnudagaskóla í ágúst. Kirkjukaffi að loknum sumarmessum í Garðakirkju var í hlöðunni í Króki og var mikil ánægja með samstarfið. Þá vann sumarstarfsmaður með Gagarín að handritsgerð og öflun gagna vegna Hofsstaðagarðsverkefnisins.

3. 2109082 - Listaverkakaup

Menningarfulltrúi kynnti ljósmyndaseríuna Umhverfing eftir Pétur Thomsen. Samþykkt var einróma að festa kaup á völdum verkum úr seríunni og finna verkunum viðeigandi stað. Menningarfulltrúa var falið að ræða við listamanninn.

4. 2109084 - Styrkumsókn

Samþykkt að veita 400.000 kr. styrk til Söngleiksins Pálmar sem tvær ungar stúlkur úr Garðabæ hafa samið og verður settur upp í Fjölbautaskóla Garðabæjar í lok september. Um mjög metnaðarfullt verkefni er að ræða og einróma álit menningar- og safnanefndar að styrkja þessar ungu og efnilegu tónlistarkonur vegna þess. Nefndin leggur áherslu á að viðburðurinn verði kynntur vel fyrir íbúum bæjarins áður en söngleikurinn verður fluttur í sal fjölbautaskólans.

5. 2105101 - Tónlistarhátíð í Garðabæ - Secret Solstice

Forsvarsmenn tónlistarhátíðarinnar óskuðu á vordögum eftir samtali við Garðabæ um að kanna möguleikann á að hátíðin verði haldin á Vífilstaðatúni og í nærumhverfi þess frá árinu 2022 en hátíðin hefur til þessa verið haldin í Laugardal í Reykjavík. Bæjarráð sendi málið til umfjöllunar í menningar- og safnanefnd og íþrótt- og tómstundaráði.

Menningarfulltrúi hefur skoðað málið ásamt íþrótt- tómstunda- og forvarnafulltrúa Garðabæjar og forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs bæjarins og rakti menningarfulltrúi niðurstöðu þeirrar skoðunar. Fyrir liggja mikil áform um framkvæmdir í Hnoðraholti, í Vetrarmýri og á öðrum

svæðum í landi Vífilsstaða á næstu árum, m.a. við uppbyggingu íbúðarbyggðar og atvinnulóða auk þess sem leikskóli er staðsettur upp af Vífilsstaðatúni og annar í byggingu. Með vísan til þessara áforma um miklar framkvæmdir á þessu svæði telur menningar- og safnanefnd að Vífilsstaðatún og nærumhverfi sé ekki heppilegur vettvangur fyrir hina árlegu tónlistarhátíð Secret Solstice.

6. 2103220 - Menningardagskrá vegna vígslu fjölnota íþróttahúss

Menningarfulltrúi greindi frá stöðu undirbúnings stórtónleika í tilefni af vígslu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri vorið 2022.

Menningarfulltrúa var falið að taka saman fyrir næsta fund yfirlit yfir fyrirhugaða menningardagskrá í Garðabæ í tilefni af vígslu fjölnota íþróttahússins, þ.m.t. varðandi tónleikana sem rætt hefur verið um að verði haldnir í maí 2022. Skoða þarf sérstaklega hvaða áhrif hugsanlegar samkomutakmarkanir í þjóðfélaginu vorið 2022 vegna yfirstandandi heimsfaraldurs geta haft á tónleikaáformin.

7. 1711209 - Minjagarðurinn að Hofsstöðum-staða verkefnis

Á næsta fundi nefndar mun Hringur Jóhannesson hjá Gagarín kynna stöðu verkefnisins.

8. 2008671 - Önnur menningarmál

Rætt um húsnæðismál Bókasafns Garðabæjar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
35. fundur 2021

Miðvikudaginn 8. september 2021 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2109149 - Umhverfishópar 2021

Brynjar Snær Arnarsson kynnti fyrir nefndinni starf umhverfishópa í sumar. Umhverfisnefnd fagnar miklu og öfluggu starfi sem unnið var í umhverfishópum í sumar.

3. 1911372 - Umhverfiskerfi Klappir - umhverfissuppgjör

Umhverfissuppgjör 2020 Garðabæjar lagt fram. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að unnið verði með niðurstöður uppgjorsins þar sem verði gerð áætlun til að vinna að því að kolefnisjafna stofnanir sveitafélagsins, vísað í vinnu að loftlagsstefnu Garðabæjar.

4. 2109150 - Veðiðiréttur, Fish Partner

Fish partner ehf er að óska eftir samstarfi vegna veiðileyfa í Vífilsstaðarvatni. Málið verður afgreitt með endurnýjun á samningi um veiðileyfi í Vífilsstaðarvatni.

5. 2105597 - Mengunarmælingar 2021

Lagt fram.

6. 2108194 - Starfsleyfi Rio Tinto

Á fundi umhverfisnefndar Garðabæjar, sem haldinn var 14. apríl 2021, var fjallað um vöktun á flúor í gróðri sem bærir frá álverinu í Straumsvík. Fram hafði komið í nýlegri rannsókn og mastersritgerð í Umhverfisfræðum frá Háskóla Íslands að álag vegna flúors frá verksmiðjunni væri líklega mest á Garðaholti. Þar áformar Garðabær aukna byggð. Annað tilefni til þess að nefndin tók þetta mál upp var að vitað var að komið væri að því að Umhverfisstofnun fengi til skoðunar / samþykktar nýja umhverfisvöktunaráætlun fyrir álverið. Nefndin gerði ítarlega samþykkt þar sem m.a. var sagt;

„Umhverfisnefnd telur nauðsynlegt að bæta vöktunaráætlun frá Álverinu fyrir svæðið í heild við endurútgáfu starfsleyfis fyrir álverið í Straumsvík. Mikilvægt er að fá loftgæðamæli á svæðið og samráð verði haft við heilbrigðiseftirlitið“; Bæjarráð Garðabæjar samþykkti tillögu umhverfisnefndar á fundi sínum þann 20. apríl 2021.

Af ódagsettu svari Umhverfisstofnunar má ráða að ekki stendur til að verða við óskum Garðabæjar um loftgæðamælistöð eða aukna vöktun.

Umhverfisnefnd samþykkti eftirfarandi bókun sem send verður á Umhverfisstofnun.

Umhverfisnefnd Garðabæjar ítrekar þá afstöðu sem fram kom í samþykkt hennar og bæjarráðs frá því í apríl 2021. Hafa þarf til hliðsjónar við gerð umhverfissvöktunaráætlunar fyrir álverið að fyrirhuguð er uppbygging á íbúðarbyggð á Garðaholti. Nefndin tekur undir álit heilbrigðisnefndar um að þörf er á áþekkri vöktun á Garðaholti líkt og er í Hafnarfirði. Verði áætlunin samþykkt þarf að hafa í henni tímasett endurskoðunarákvæði. Að eigi síðar en t.d. 1. október 2023 komi endurskoðuð áætlun á vöktun á flúor í gróðri á áhrifasvæði álversins og þar sem gert verði ráð fyrir reglubundinni vöktun á flúor og brennisteinsdíoxíði á Garðaholti.

7. 2109080 - Viðburðir í Garðabæ

Tækni -og umhverfissvið mun vinna að bættu skipulagi við að sækja um leyfi fyrir viðburðum í bæjarlandinu og móta stefnu í þeim efnum.

Umhverfisnefnd telur að álag á stíg norðan Vífilsstaðarvatns sé þannig að ekki ætti að auka það með skipulögðum viðburðum og aðstöðusköpun fyrir viðburði verði ekki við vatnið

8. 1902106 - Friðlýsingar - samstarf við Umhverfisstofnun

Athugasemdir við friðlýsingu Skerjafjarðar lagðar fram. Umhverfisstofnun ásamt samráðshópi vinnur að svörum athugasemda.

2. 2108320 - Sumarstörfin 2021

Skýrslur unnar af sumarstarfsfólki varðandi úttekt á útivistarsvæðum og hugmyndir af loflagsstefnu Garðabæjar lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Ungmennaráð Garðabæjar
1. fundur 2021

Mánudaginn 30. ágúst 2021 kl. 20:00 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Valgerður Eyja Eypórsdóttir, Lóa Kolbrá Friðriksdóttir, Anna Karen Elvarsdóttir og Tómas Þór Jacobsen.

Fundargerð ritaði: Tómas Þór Jacobsen, forstöðumaður Klakans.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2002322 - Staða ungmennaráða í sveitarfélögum

1. Rætt var um hvaða væntingar meðlimir ungmennaráðs hafa til komandi starfsárs og hvað þau vilja áorka.

Það sem kom m.a. fram;

- Taka þátt í stóru verkefni, eins og þau gerðu í forvarnar-vikunni árið 2020
- Samstarf við önnur ungmennaráð
- Gera viðburð á vegum ungmennaráðs
- Fá að vinna í uppbyggingu á ungmennahúsi Garðabæjar, koma með sínar hugmyndir varðandi uppsetningu og starfsemi ungmennahússins.

2. Annað sem kom fram

- Kominn tími til að kjósa nýja formenn.
- Tekið sé meira tillit til ungmennaráðsins.
- Þeim sé gefið aðeins meira credit fyrir stór verkefni.
- Lagt til að sé greitt fyrir þátttöku.
- Halda kynningu fyrir bæjarráð varðandi starfsemi ungmennaráðsins.

Ekki var fleira tekið fyrir

Fundi slitið 21:00.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð

3. fundur 2021

Mánudaginn 6. september 2021 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Sigurður Rúnar Símonarson aðalmaður og Margrét Björnsdóttir aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2106343 - Húsnæðismál

Mál nr. 2106343 tekið til umfjöllunar í Öldungaráði, bréf frá FEBG. Fyrir liggur að efni og atriði bréfsins hafa verið tekin til skoðunar hjá Garðabæ. Kominn er samningur við FEBG sem snýr að heilsuefningu og bættri líðan eldri borgara. Búið er að koma til móts við beiðni um aukna þjónustu í Jónshúsi. Öldungaráð telur þessar aðgerðir bæjarins vera til fyrirmyndar og mikilvægar í þágu þjónustu til eldri borgara. Lagt er til að farið verið í þarfagreiningu varðandi húsnæðismál í samvinnu við félögin í bænum.

2. 2101428 - Skýrsla starfshóps varðandi tillögur að heilsuefningu eldri borgara.

Mál nr. 2101428, skýrsla um Heilsuefningu aldraðra - Aðgerðaáætlun, tekið til umfjöllunar í Öldungaráði. Öldungaráð lýsir yfir ánægju með útgáfu þessarar skýrslu og tekur undir mikilvægi þess að styðja við heilsuefningu eldri borgara til að auka lífsgæði aldraðra og stuðla að auknum lífslíkum við góða heilsu. Lagt er til aukið samstarf á milli Heilsugæslu og félagsþjónustu sem er ánægjulegt. Falla áherslur í skýrslunni vel að markmiðum í Stefnu eldri borgara í Garðabæ 2016-2026.

3. 1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun

Mál nr. 1710101, staða aðgerðaráætlunar í málefnum eldri borgara tekin til umfjöllunar. Lagt fram skjal sem sýnir stöðuna á þeim verkefnum sem unnið er með. Nokkur verkefni hafa verið í góðum framgangi en öðrum hefur ekki reynst unnt að koma í skipulagðan farveg. Öldungaráð leggur til að forstöðumanni stuðnings- og öldrunarþjónustu verið falið að endurmeta stöðu þeirra 5 stefnumála sem sett voru í forgang og leggja fram fyrir næsta fund ráðsins í samstarfi við vinnuhóp.

4. 2103259 - Átaksverkefni til að efla félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélögin,

Mál nr. 2103259 tekið til umfjöllunar í Öldungaráði, skýrsla um félags- og heilsuefningu eldri borgara. Aðilar sammála um mikilvægi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja í skýrslunni svo og forvarnargildi þessa verkefnis. Ljóst er að verkefnið fellur vel að og styður við stefnu eldri borgara í Garðabæ. Almenn ánægja var með sumarstarfsfólkið sem vann í verkefnum sem tengjast starfi eldri borgara í Garðabæ.

5. 1911005 - Tölulegar upplýsingar um aðkeypta stoð- og stuðningsþjónustu

Tekið er fyrir mál nr. 1911005, tölulegar upplýsingar í stuðningsþjónustu. Það er álit Öldungaráðs að svona upplýsandi tölfræði sé mikilvægur þáttur og eðlilegt að þróa áfram í samvinnu við t.d. félögin og Heilsugæsluna.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

343. fundur

Föstudaginn 13. ágúst 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn fór fram í fjarfundi og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen E. Halldórsdóttir (KEH), Rúnar Bragi Guðlaugsson (RBG), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Árshlutauppgjör janúar til júní 2021
2. Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2022-2026
3. Kostnaðaráætlun vegna Nýs leiðanet.
4. Leiðarkerfið.
5. Ný heiti stoppustöðva.
6. Tilkynning um kosningu Reykjavíkur á varamanni í stjórn Strætó.
7. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör janúar til júní 2021.

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins pr. 30. júní 2021. Árshlutauppgjorið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta árshlutauppgjör 31.06 2021.

2. Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2022 - 2026..

Umræður um helstu forsendur fyrir fjárhagsáætlun 2022 til 2026. Forsendur taka mið af forsendum þjóðhagsspar frá Hagstofunni dagsettri mars 2021. Framkvæmdastjóra falið að stilla upp fjárhagsáætlun 2022 til 2026 og leggja fyrir næsta fund.

3. Kostnaðaráætlun vegna Nýs leiðanets.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á vinnu við kostnaðaráætlun fyrir Nýtt leiðanet. Uppfærð útgáfa af Samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins kom út í júlí 2021, en stuðst er við það líkan að mestu leyti við gerð kostnaðaráætlunar fyrir Nýtt leiðanet. Stjórn óskar eftir að boðað verði til eigendafundar um framtíðarskipulag vegna vinnu við rekstrarmál Nýs leiðanets og tengingu við Borgarlínuverkefnið.

4. Leiðarkerfið.

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við leiðarkerfismál, hvað er framundan, hvað er í vinnslu og hvað þarf að skoða betur m.t.t. eftirspurnar og notkunar á leiðum.

5. Ný heiti stoppustöðva.

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við ný heiti stoppustöðva, sem miða að því að einfalda og skýra staðsetningar. Gert er ráð fyrir að ytri kostnaður verði í kringum 1,5 m.kr..

6. Tilkynning um kosningu Reykjavíkur á varamanni í stjórn Strætó

Aron Leví Beck Rúnarsson hefur verið kosinn varamaður í stjórn Strætó í stað Kristínar Soffíu Jónsdóttur.

7. Önnur mál

- a) Leiga á aðstöðu fyrir bílastæði á lóð Strætó á Hesthálsi 14. Malbikunarstöðin Höfði hefur óskað eftir aðstöðu fyrir bifreiðar og starfsmenn sem sinna vetrarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn Strætó heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við þá.
- b) Almenningsamgöngur í nýtt hverfi í Gufunes. Reykjavíkurborg óskar eftir því að Strætó skoði hvaða leiðir séu mögulegar til að þjóna hverfinu með almenningssamgöngum og skili tillögum um þær.

Fylgiskjöl: Árshlutauppgjör janúar til júní 2021.

Leiðarkerfið. Forsendur fjárhagsáætlunar 2022 til 2026

Fundi slitið kl. 12:10.

Hjálmar Sveinsson

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Rúnar Bragi Guðlaugsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

344. fundur

Föstudaginn 3. september 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn fór fram á Hesthálsi 14 og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen E. Halldórsdóttir (KEH), Rúnar Bragi Guðlaugsson (RBG), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI) í gegnum fjarfundarbúnað.

Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri mannauðs- og gæðamála hjá Strætó.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhagsáætlun 2022-2026.
2. Lántaka Strætó bs. 2021.
3. Önnur mál.
 - a. Erindi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands.

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun 2022 til 2026

Framkvæmdastjóri kynnti útkomuspá ársins 2021. Töluverð óvissa er um útkomu ársins 2021 en skv. nýjustu útkomuspá er gert ráð fyrir tapi upp á um 400 m.kr. á árinu. Skýrist það að mestu af lækkun farþegatekna um rúmar 200 m.kr. og að sérstakt Covid framlag ríkisins verður um 120 m.kr. sem er mun lægra framlag en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Á móti er nú reiknað með að útgjöld ársins verði um 400 m.kr. lægri en fjárhagsáætlun 2021 gerði ráð fyrir vegna aðhaldsaðgerða sem gripið var til á árinu.

Umræður voru um forsendur fjárhagsáætlunar 2022- 2026 og hvernig tap ársins 2021 verði gert upp.

Samkvæmt eigendastefnu Strætó skal eigendafundur ákvarða forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins. Þann 30. ágúst 2021 var haldinn eigendafundur Strætó bs. þar sem stjórn og framkvæmdastjóri kynntu stöðu og drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2022. Farið yfir fjárfestingar í vögnum og upplýsingakerfi ásamt lánveitingu græns láns frá Lánasjóði sveitarfélaga. Niðurstaðan var sú að fullmótuð verði tillaga að fjárhagsáætlun Strætó bs. fyrir árið 2022 til framlagningar á næsta eigendafundi.

Umræðum um fjárhagsáætlun Strætó bs. verður framhaldið á næsta fundi stjórnar þar sem framkvæmdastjóri mun kynna drög að fjárhagsáætlun 2022- 2026.

2. Lántaka Strætó bs. 2021

Á 340. fundi stjórnar Strætó bs. þann 21.5.2021 samþykkti stjórn að heimila framkvæmdastjóra að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 400 m.kr. til grænnar fjárfestingar í rafmagnsvögnum.

Samþykkt stjórnar var staðfest á eigendafundi Strætó bs. þann 15.6.2021.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga samþykkti svo lánsumsóknina á fundi sínum þann 24.8.2021. Lánið er að fjárhæð 400 milljónir króna til allt að 8 ára, vextir eru fastir 4,5%, einungis greiddast vextir fyrstu fjögur árin og höfuðstóll lánsins greiðist með jöfnum greiðslum á síðari fjórum árum lánstímans.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að kalla eftir lánssamningi frá Lánasjóði sveitarfélaga svo að stjórn geti óskað eftir nauðsynlegri ábyrgð frá aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins vegna lánsins en fyrir liggur að Lánasjóður sveitarfélaga krefst einfaldarar ábyrgðar og veðsetningar til

tryggingar ábyrgðinni í tekjum sveitarfélaganna í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

3. Önnur mál

a) Lagt fram erindi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands varðandi næturstrætó.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu í samráði við stjórnarformann.

**Fylgiskjöl: Útgönguspá Strætó 2021.
Erindi Stúdentaráðs Háskóla Íslands.**

Fundi slitið kl. 12:35.

Hjálmar Sveinsson

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Rúnar Bragi Guðlaugsson

Gunnar Valur Gíslason

**FUNDARGERÐ 452. FUNDAR STJÓRNAR SORPU**

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 26. ágúst 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:11 Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Ágúst Bjarni Garðarsson og Jóna Sæmundsdóttir með fjarfundarbúnaði.

Bjarni Torfi Álfþórsson og Birkir Jón Jónsson boða forföll.

Tekið fyrir**1. Sex mánaða uppgjör SORPU**

Sturla Jónsson endurskoðandi hjá Grant Thornton tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Sturla og fjármálastjóri gera grein fyrir sex mánaða uppgjöri SORPU bs.

Ákveðið að senda sex mánaða uppgjör til rafrænnar undirritunar.

Sturla Jónsson vísar af fundi fundinum 14:29.

2. Áhættustefna borin upp til atkvæðagreiðslu

Ákveðið að senda áhættustefnuna til rafrænnar undirritunar eftir kynningu á henni á síðasta fundi.

3. Kynning á innihaldsrannsókn á efni frá MTFS og moltu

Lea Böhme umhverfisverkfræðingur í GAJU tengist fundinum með fjarfundarbúnaði 14:31.

Lea gerir grein fyrir innihaldsrannsókn á efni frá MTFS og moltu.

Lea Böhme aftengist fundinum 14:56.

4. Móttaka á úrgangi frá sveitafélögum utan byggðarsamlags

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir viðræðum á móttöku á úrgangi frá sveitarfélögum sem standa utan SORPU.

Stjórn SORPU veitir framkvæmdastjóra heimild til að hefja viðræður við sveitarfélög sem standa utan samlagsins um móttöku á úrgangi frá sveitarfélögum utan byggðarsamlags.



5. Metanmál – staða og horfur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu og horfum í metanmálum.

6. Húsnæðismál Góða hirðisins

Sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni gerir grein fyrir leit stjórnenda Góða hirðisins að stærra húsnæði fyrir starfsemi verslunarinnar.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi

„Mikilvægt er að finna starfsemi Góða hirðisins stærra og betra húsnæði til framtíðar til að markmið hringrásarhagkerfisins náist.“

7. Móttaka á riðusmituðum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi frá Terra um móttöku á riðusmituðum úrgangi til urðunar í Álfsnesi.

8. Samningur við Endurvinnsluna hf.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir drögum að samningi við Endurvinnsluna hf. um móttöku á skilagjaldsskyldum umbúðum á fjórum endurvinnslustöðvum SORPU. Hlutverk SORPU í nýjum samningi væri óbreytt. Samningurinn er til 18 mánaða.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að endurnýja samning við Endurvinnsluna hf. með fyrirvara um samþykki stjórnar.

9. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar er boðaður mánudaginn 30. ágúst klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:03



FUNDARGERÐ 453. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 30. ágúst 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:02 Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Kolbrún Þorsteinsdóttir, Líf Magneudóttir og Magnús Örn Guðmundsson í fjarveru Bjarna Torfa Álfþórssonar.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni og Haraldur Flosi Tryggvason, ráðgjafi stjórnar.

Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson og Jóna Sæmundsdóttir sitja fund með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir

1. Kynning á stefnuráði SORPU

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Helga Hlín Hákonardóttir hjá Strategíu tengjast fundinum með fjarfundarbúnaði undir liðnum klukkan 14:02 og kynna tillögu að stefnuráði SORPU.

Páll Björgvin og Helga Hlín aftengjast fundinum klukkan 15:00.

Magnús Örn Guðmundsson vikur af fundi klukkan 15:09.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:18.

Fullgild rafræn undirskrift

BIRKIR JÓN JÓNSSON

Kennitala: 240779-5289

2021-09-07 12:07:55 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JÓNA SÆMUNDSDÓTTIR

Kennitala: 190358-2169

2021-09-07 12:51:45 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

MAGNÚS ÖRN GUÐMUNDSSON

Kennitala: 280578-4959

2021-09-30 16:24:37 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

LÍF MAGNEUDÓTTIR

Kennitala: 130874-6069

2021-08-30 20:21:26 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ÁGÚST BJARNI GARÐARSSON

Kennitala: 290587-2539

2021-09-07 11:59:23 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR

Kennitala: 190867-5369

2021-09-07 12:04:39 GMT

Ástæða: Undirskrift



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
34. eigendafundar Sorpu bs.
Fjarfundur
mánudaginn 30. ágúst 2021, kl. 12:00

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.

frá stjórn SORPU bs.:

Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Birkir Jón Jónsson, Kópavogi.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.

Enn fremur sátu fundinn Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. ásamt Gunnar Dofra Ólafssyni og Sigríði Katrínu Kristbjörnsdóttur frá Sorpu bs. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1) Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2022-2026-Sorpa bs. / málsnr. 2108006

Framkvæmdastjóri Sorpu bs., Jón Viggó Gunnarsson kynnir helstu forsendur fjárhagsáætlunar en þar er markmiðið að minnka alla strauma sem ekki fara til hringrásarinnar og lágmarka þann straum sem flytja þarf út til brennslu. Ljóst er að verðbreytingar til sveitarfélaga verða þó nokkrar á árinu 2022 en fara þarf betur ofaní forsendur fjárhagsáætlunarinnar.

Umræður.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir að stjórn vinni áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2022, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi sem boðað verður til með dagskrá. Sérstaklega er vert að skoða frekar þær hækkanir sem boðaðar eru á rekstrarliðun milli ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð 32. eigendafundar Strætó bs.

Fjarfundur Mánudaginn 30. ágúst 2021, kl. 12:45

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ.

frá stjórn Strætó bs.:

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík.
Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ.
Rúnar Bragi, Mosfellsbæ.
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði.
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi.

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri mannauðs – og rekstrarsviðs Strætó bs. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2022-2026-Strætó bs. / málsnr. 2108006

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Strætó bs., ásamt Jóhannesi Svavari Rúnarssyni framkvæmdastjóra Strætó bs kynntu stöðu og drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2022. Farið yfir fjárfestingar í vögnum og upplýsingakerfi ásamt lánveitingu græns láns frá Lánasjóði Sveitarfélaga.

Umræður.

Niðurstaða fundar:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Eigendavettvangur samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2022, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi sem boðað verður til með dagskrá.

2. Rekstraráætlun almenningssamgangna / málsnr. 2104001

Stjórn Strætó bs. bendir á mikilvægi þess að taka formlega ákvörðun um rekstur á nýju leiðarneti s.s. er varðar útboðsfyrirkomulag, upplýsingatæknikerfi o.fl.

Fram kemur að í samkomulagi við ríkið frá 26.september 2019 varðandi rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sé horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu. Ráðherra samgöngu- og sveitarstjórráðherra hefur nú ákveðið að stofnaður verði hópur sem vinna mun að uppfærðri rekstraráætlun skv. samgöngusáttmálanum. Mikilvægt er að ofangreind atriði sem taka þarf ákvörðun um verði hluti af því samtali sem framundan er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.



Stjórn SSH 528. fundur

Mánudaginn 6. september 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþætting þjónustu við börn / málsnr. 2106011

Unnin hefur verið áætlun um kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin vegna laga um samþættingu þjónustu barna (farsældarlögin) ásamt tillögum að drögum að úthlutun á framlagi til sveitarfélaganna frá Jöfnunarsjóði vegna þjónustunnar.

Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf eru gestir fundarins undir þessum lið og kynna framangreint.

Niðurstaða fundar:

Framangreind vinna og áætlun verði kynnt fyrir bæjarfulltrúum og hlutaðeigandi starfsfólki sveitarfélaganna á kynningarfund, nk. föstudag, 10. september. Framkvæmdastjóra er falinn undirbúningur og boðun þess fundar.

2. Skilavegir / málsnr. 1910012

Fyrir liggja lokaskjöl starfshóps um yfirfærslu vega sem falla úr tölu stofnvega og verða sveitarfélagsvegir skv. vegalögum nr. 80/2007. Þá var haldinn sérstakur kynningafundur á niðurstöðum starfshópsins á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Vegagerðarinnar 20. ágúst sl. Í meðfylgjandi gögnum kemur m.a. fram að fulltrúar SSH hafa haldið því til hags í viðræðunum að við yfirfærslu skilavega færist árlegur rekstrarkostnaður veganna frá ríki til sveitarfélaga. Á umferðarmiklum vegum er um verulegan kostnað að ræða og á umferðarmestu vegum þarf árlegt viðhald. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað kallað eftir viðræðum við ríkið um leiðir til að tryggja sveitarfélögum sanngjarna hlutdeild í sköttum af umferð og telja fulltrúar Sambandsins og SSH að sú ástands- og kostnaðargreining sem farið hefur fram í tengslum við vinnu starfshópsins undirstriki þörf á að slíkar viðræðum fari fram í tengslum við yfirstandandi vinnu við endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga. Um þetta vísuðu fulltrúar Sambandsins og SSH til 129 gr. sveitarstjórnarlaga.

Birgir Björn Sigurjónsson er gestur fundarins undir þessum lið.



Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH fagnar því að fyrir liggi fagleg skýrsla um ástandsmat þeirra vega sem áætlað er að verði á ábyrgð sveitarfélaganna eftir næstu áramót. Þá einnig að niðurstöðu sé náð í því hvaða vegir á höfuðborgarsvæðinu teljast til svokallaðra skilavega. Næsta skref í þessu máli er að Vegagerðin mun vinna að samningum við sveitarfélögin er varðar skil á umræddum vegum. Stjórn SSH leggur áherslu á að við þá samningagerð verði fjármagn samkvæmt fyrirbyggjandi ástandsmati veganna tryggt ásamt nauðsynlegu rekstrarfé til reksturs þeirra frá ríkinu. Stjórn SSH hefur áður bent á mikilvægi þess að umræða um framtíðarrekstur skilavega þurfi að tengjast þeirri heildarumræðu sem fram þarf að fara um eignarhald, rekstur og viðhald samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu m.a. skv. 6. gr Samgöngusáttmálans. Í þessu samhengi er vísað til bréfs SSH til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 10.nóvember 2020.

Framkvæmdastjóra er falið að koma bókun stjórnar SSH á framfæri við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti ásamt Vegamálastjóra.

3. Rekstraráætlun almenningssamgangna / málsnr. 2104001

Fyrirliggjandi er áfangaskýrsla um drög að rekstraráætlun nýs leiðanets þ.m.t. Borgarlínu.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir skýrsluna.

Niðurstaða fundar:

Skýrslan er unnin til undirbúnings viðræðna við ríkið í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Í samkomulagi við ríkið frá 26. september 2019 varðandi rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að aðilar lýsi yfir vilja sínum til þess að vinna sameiginlega að endurskoðun samkomulags um tilraunverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu frá 7. maí 2012 og framlengningu á gildistíma þess um 12 ár, til 2034. Í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sé horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu.

Á fundi stýrihóps um framgang Samgöngusáttmálans 12. ágúst sl. var það m.a. niðurstaða fundarins að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra myndi setja viðræðurnar nú af stað milli ríkisins og sveitarfélaganna er varðar rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi samkomulagið frá 26.september 2019.

Skýrslan er lögð fram til kynningar og er skrifstofu SSH jafnframt falið að senda hana aðildarsveitarfélögunum til kynningar og verður henni fylgt eftir ef óskað er eftir því af hálfu sveitarfélaganna.

4. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010



Fyrirliggjandi er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans, en hún var lögð fyrir fund stýrihóps Samgöngusáttmálans hinn 12. ágúst sl.

Niðurstaða fundar:

Skýrslan lögð fram til kynningar og er skrifstofu SSH jafnframt falið að senda hana aðildarsveitarfélögunum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.

5. Ályktun Landverndar um gjalddöku vegna notkunar nagladekkja / málsnr. 2107001

Aðildarsveitarfélögum SSH hefur borist fyrirbyggjandi ályktun aðalfundar Landverndar 12. júní 2021, þar sem skorað er á sveitarfélögin að taka upp gjalddöku vegna negldra hjólbarða.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar. Rétt er að áréttast að sveitarfélögin hafa, samkvæmt núgildandi lagaumhverfi, ekki heimild til að setja á slíka gjalddöku, en í einhverjum tilvikum hefur verið kallað eftir slíkri heimild í þeim tilgangi að sporna við aukinni svifryksmengun.

6. Erindi frá Þroskahjálpi vegna frístundaúrræðis fyrir fatlað fólk / málsnr. 2106008

Fyrirliggjandi er erindi frá Landssamtökunum Þroskahjálpi, dags. 21. júní 2021, auk fylgibréfa þar sem m.a. er skorað er á sveitarfélög og eftir atvikum SSH að gera án tafar þær ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja að fötluð börn og ungmenni sem búa í sveitarfélögum sem eiga aðild að SSH geti notið þjónustu milli sveitarfélaga.

Niðurstaða fundar:

Ofangreindu er vísað til meðferðar samráðshóps á sviði velferðarmála sem skoði stöðu þessara mála, eftir atvikum í samráði við fjölskyldurád einstakra sveitarfélaga.

7. Borgarlínan ehf. / málsnr. 2001005

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga félag sem ber firmanafnið Borgarlínan ehf. en félagið var upphaflega stofnað til þess að firmaheitið væri í eigu þeirra sem komu að verkefninu. Nú hefur Borgarlínuverkefnið gengið inn í Betri samgöngur ohf. og því ekki frekari þörf á að sveitarfélögin eigi umrætt félag. Fyrirliggjandi er minnisblað framkvæmdastjóra dags. 6. september 2021 og er gerð tillaga um að honum verði falin afgreiðsla málsins samkvæmt því.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra er falin afgreiðsla málsins samkvæmt tillögum fyrirbyggjandi minnisblaðs.



8. Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 / málsnr. 2109002

Fyrirliggjandi er minnisblað frá frístundamiðstöðinni Tjörninni og Samtökunum '78 sem sent var 1. september sl. til framkvæmdastjóra og stjórnar SSH, forsætisráðherra, félags- og barnamálaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa. Í minnisblaðinu er farið fram á samtal um stöðu Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar, svo hægt sé að veita áframhaldandi þjónustu við börn í félagsmiðstöðinni.

Niðurstaða fundar:

Í minnisblaðinu felst beiðni um aukin fjárframlög til starfseminnar, SSH geta því miður ekki orðið við slíkri beiðni þar sem ekki er gert ráð fyrir styrkveitingum í fjárhagsáætlun samtakanna fyrir þetta ár. Því er rétt, miðað við framangreint, að þessari beiðni sé beint til einstakra sveitarfélaga hvers fyrir sig.

9. Aðalfundur SSH 2021 / málsnr. 2109001

Gerð er tillaga um að aðalfundur SSH, og ársfundir byggðasamlaganna, verði haldnir föstudaginn 12. nóvember nk. Fyrir liggur að Seltjarnarnesbær er það sveitarfélag sem næst mun halda aðalfundinn.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er að aðalfundur SSH, og ársfundir byggðasamlaganna, verði haldnir föstudaginn 12. nóvember nk. Er framkvæmdastjóra, í samráði við framkvæmdastjóra byggðasamlaganna, falinn frekari undirbúningur þeirra.

10. Kynningarfundir fyrir kjörna fulltrúa / málsnr. 2101007

Fyrir liggur að ákvarða framhald kynningar- og umræðufunda fyrir kjörna fulltrúa en gerð er tillaga um að haldið verði áfram þeirri tilhögun að halda slíka fundi að jafnaði einu sinni í mánuði, á föstudögum kl. 8:00. Jafnframt verði slíkir fundir teknir upp.

Þau fundarefni sem hugmyndir eru uppi að fjallað verði um á næstunni eru m.a.:

- Framkvæmdir á skíðasvæðunum.
- Tillögur um samræmingu úrgangsflokkunar.
- Sameiginleg loftslagsáætlun.
- Áhersluverkefni sóknaráætlunar 2022.
- Geðheilbrigðismál ungmenna.
- Betri samgöngur ohf. – staða og ferli framkvæmda.
- Rekstraráætlun almenningssamgangna.

Niðurstaða fundar:



Ofangreint lagt fram og samþykkt. Jafnframt verði gerð rafræn skoðanakönnun meðal kjörinna fulltrúa varðandi t.a.m. æskilega tíðni funda, og hvaða efni sé rétt að taka fyrir á næstunni. Tekið verði mið af niðurstöðu þeirrar könnunar við áframhaldandi skipulagningu kynningarfunda.

11. Framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Fyrirliggjandi eru fundargerðir verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 6. júlí 2021, 14. júlí 2021, 6. ágúst 2021 og 24. ágúst 2021. Jafnframt er fyrirliggjandi skjal um hlutverk og ábyrgðarsvið einstakra aðila og helstu hagaðila auk þess sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum og yfirstandandi framkvæmdum og kostnaðar- og tímaáætlun vegna þeirra.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram og kynnt.

12. Umsókn um framlög til verkefna á sviði almenningssamgangna / málsnr 2108008

Lagt fram til kynningar minnisblað Jóns Kjartans Ágústssonar svæðisskipulagsstjóra, *Tillaga að umsókn vegna verkefnis á sviði almenningssamgangna*, dags. 6. september 2021.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

13. Sóknaráætlun 2020-24 / málsnr. 1906002

Lögð fram fundargerð frá fundi svæðisskipulagsstjóra og framkvæmdastjóra SSH dags. 27. ágúst 2021 um stöðu áhersluverkefna sóknaráætlunar fyrir árið 2021.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

14. Sameiginleg vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu / málsnr 1505001

Lagðar fram til kynningar fundargerðir samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.



15. Fjölsmiðjan / málsnr. 1501007

Lagðar fram til kynningar:
Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2020.
Fundargerð aðalfundar Fjölsmiðjunnar 24. júní 2021.
Fundargerð stjórnarfundar, dags. 8. apríl 2021.
Fundargerð stjórnarfundar, dags. 27. maí 2021.
Fundargerð stjórnarfundar, dags. 19. ágúst 2021.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

16. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Lögð fram til kynningar:
Fundargerð 72. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 15. júní 2021.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

17. Sameiginlegur upplýsingafundur um meðhöndlun sorps / málsnr. 2109003

Fyrirliggjandi er svohljóðandi bókun frá fundi bæjarstjórnar Kópavogs, hinn 24. ágúst 2021:

Bæjarstjórn Kópavogs felur bæjarstjóra að leggja til við stjórn SSH að skipulagður verði sameiginlegur upplýsingafundur um framtíðarsýn er varðar meðhöndlun sorps á höfuðborgarsvæðinu í anda hringrásarhagkerfisins þar sem bæjarfulltrúum, borgarfulltrúum og sérfræðingum í málaflokknum verður boðið til þátttöku.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra er falin skipulagning og undirbúningur slíks fundar.

18. Önnur mál

18.1. Raka- og myglutilvik í fasteignum sveitarfélaganna

Tillaga frá borgarstjóra Reykjavíkur um sameiginlega skoðun sveitarfélaganna á áætlunum vegna raka og/eða myglu í fasteignum þeirra. Taka þurfi saman upplýsingar og móta áætlanir um viðbrögð komi upp leki, raki og/eða myglu í fasteignum í eigu eða vörslum sveitarfélaganna, en æskilegt er að sveitarfélögin, sem búa öll yfir reynslu og þekkingu á þessu sviði, hafi samtál sín á milli varðandi það. Lagt er til að haldinn verði sameiginlegur fundur þar sem sveitarfélögin kynni sína reynslu og viðbrögð. Jafnframt þurfi að skoða aðkomu Landlæknis, Vinnueftirlits,



Mannvirkjastofnunar, Heilbrigðiseftirlits o.fl. eftirlitsaðila að slíkum málum, t.a.m. hvað varðar leiðbeiningar um viðbrögð og viðmið varðandi loftgæði innanhúss, raka og myglu, hreinsun og viðgerðir og viðbrögð þegar grunur er um heilsufarslegar afleiðingar því tengdar.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.

18.2 Drög að nýrri reglugerð um fráveitumál

Fyrirspurn frá bæjarstjóra Hafnarfjarðar varðandi kostnaðarauka sem fyrirséð að sveitarfélögin verði fyrir vegna nýrra reglna um fráveitur.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að leita upplýsinga um framangreint og senda stjórn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:50



Reykjavík, 20. ágúst 2021
Fundargerð 229. stjórnarfundar SHS
38. fundur framkvæmdaráðs AHS

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 20. ágúst var haldinn 229. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., sem jafnframt var 38. fundur framkvæmdaráðs AHS. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir. Gunnar Einarsson boðaði forföll.

Undir málefnum framkvæmdaráðs almannavarnanefndar, liðum 1 til 6, sátu fundinn Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri, Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, og Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni framkvæmdaráðs AHS

1. Reglugerðir vegna COVID

Farið yfir nýlegar reglugerðir vegna COVID-19.

Eftirfarandi lagt fram:

- Reglugerð 746 um brottfall reglugerðar nr. 691 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 24. júní 2021.
- Reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 24. júní 2021.
- Reglugerð 797 um (1.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 5. júlí 2021.
- Reglugerð 865 um (2.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 20. júlí 2021.
- Reglugerð 878 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 23. júlí 2021.
- Reglugerð 886 um (1.) breytingu á reglugerð 878 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 26. júlí 2021.

- Reglugerð 892 um (3.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 28. júlí 2021.
- Reglugerð 907 um (4.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 4. ágúst 2021.
- Reglugerð 915 um (2.) breytingu á reglugerð 878 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 11. ágúst 2021.
- Reglugerð 916 um (5.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 11. ágúst 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Álag vegna COVID

Rætt um álag í starfsemi slökkviliðsins og á starfsmenn sveitarfélaga undanfarnar vikur vegna nýrrar bylgju COVID-19 og ráðstafanir vegna þess.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Samræming/samstarf vegna COVID á höfuðborgarsvæðinu

Farið yfir samræmingarvinnu sem hefur átt sé stað undanfarnar vikur, en mikið hefur mætt á ýmsum sviðum sveitarfélaganna. Skólastarf er að hefjast og undirbúningur á fullu. Rætt um verklag við samræmingu og samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna COVID-19 til lengri tíma.

Eftirfarandi lagt fram:

- Leiðbeiningar fyrir skóla á höfuðborgarsvæðinu í upphafi skólaárs vegna farsóttar, dags. 20. ágúst 2021.

Afgreiðsla: Framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar leiðbeiningar fyrir skóla- og frístundastarf á höfuðborgarsvæðinu í upphafi skólaárs vegna farsóttar og leggur áherslu á mikilvægi þess að samræmt verklag verði notað í öllum sveitarfélögunum.

Framkvæmdastjóra almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins falið að gera drög að sameiginlegu þjónustuveri fyrir höfuðborgarsvæðið vegna COVID-19 til að viðhalda góðri samræmingu á milli sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóra almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins falið að skoða hvort hægt sé og rétt að skylda starfsfólk í bólusetningu sem sinnir viðkvæmri þjónustu á vegum sveitarfélaganna sem verður að uppfylla kröfur um órofna starfsemi.

4. Sýnataka fyrir viðbragðsaðila

SHS og LRH hafa, í samvinnu við Birkiborg og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, komið upp aðstöðu í gámi í porti Skógarhlíðar þar sem boðið er upp á COVID sýnatöku fyrir viðbragðsaðila, til þess að styðja við órofna starfsemi þeirra.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Aukið samstarf við COVID göngudeild LSH

SHS og LRH, í samvinnu við Birkiborg og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hafa komið upp teymi sem getur farið á milli staða, svo sem sambýla, hjúkrunarheimila o.fl., til að veita veikum góða þjónustu og létta á starfsfólki á viðkomandi stað, ásamt því að fækka COVID tengdum sjúkraflutningum.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál FAHS

Sem hluti af landsátaki í aðgengi að rafstöðvum í almannavarnaástandi, hefur SHS fengið til sín tvær rafstöðvar.

Engin önnur mál.

Kl. 08:30. Halla Bergþóra, Ásgeir Þór, Þóra Kristín og Ásdís yfirgefa fundinn.

Málefni SHS

1. 6 mánaða uppgjör 2021

Árshlutareikningur SHS samstæðu fyrir tímabilið janúar – júní 2021 kynntur.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutareikningur SHS janúar – júní 2021, dags. 20. ágúst 2021.
- Könnunarskýrsla Grant Thornton vegna árshlutareiknings SHS janúar – júní 2021, dags. 20. ágúst 2021.
- Bókun endurskoðunarnefndar vegna árshlutareiknings SHS janúar – júní 2021, dags. 19. ágúst 2021.

Afgreiðsla: 6 mánaða uppgjör SHS 2021 samþykkt án athugasemda og verður sent út til rafrænnar undirskriftar.

2. Tillögur um meginforsendur fimm ára fjárhagsáætlunar

Tillögur um meginforsendur fjárhagsáætlunar SHS fyrir árið 2022 og fimm ára áætlunar fyrir árin 2022-2026 lagðar fram, en þær byggja á þjóðhagsspá Hagstofu frá 22. mars sl. Óvissa tengist endanlegum áhrifum styttingar vinnuviku vaktavinnufólks og samningi um sjúkraflutninga.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar um undirbúning, vinnslu og skil fjárhagsáætlunar 2022 og fimm ára áætlunar 2022-2026, dags. 5. júlí 2021.
- Forsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna fjárhagsáætlunar 2022 og fimm ára áætlunar 2022-2026 fyrir borgarráð, dags. 22. júní 2021
- Forsendur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fjárhagsáætlunar 2022 og fimm ára áætlunar 2022-2026, dags. 1. ágúst 2021.
- Forsendur Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna fjárhagsáætlana 2022-2026, dags. 13. ágúst 2026.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar

Halda skal aðalfund SHS fyrir 15. desember ár hvert.

Afgreiðsla: Óskað verður eftir því við SSH að aðalfundur SHS fari fram í tengslum við aðalfund SSH og annarra byggðasamlaga eins og undanfarin ár.

4. Fundur með ráðherranefnd um samræmingu mála til að ræða um viðbrögð og áherslur í baráttunni við COVID-19 í bólusettu landi

Slökkviliðsstjóri og formaður sögðu frá fundi með ráðherranefnd um samræmingu mála vegna almannaöryggis og innviða vegna stöðunnar í COVID-19 þar sem rædd voru viðbrögð og áherslur í baráttunni við COVID-19 í bólusettu landi.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Samningaviðræður vegna sjúkraflutninga

Gerð grein fyrir stöðu samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Rædd þörf á endurskoðun á mönnun SHS, m.a. vegna aukins álags í sjúkraflutningum.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks

Heilbrigðisráðherra ákvað á síðasta ári að greiða álagsgreiðslur til framlínustarfsfólks í heilbrigðisþjónustu vegna baráttu þeirra við COVID-19. Sjúkraflutningamenn SHS, sem hafa staðið í framlínunni vegna COVID-19, hafa ekki fengið sambærilegar álagsgreiðslur. SHS sinnir sjúkraflutningum samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) f.h. heilbrigðisráðuneytisins, en SÍ vísaði á heilbrigðisráðuneytið varðandi álagsgreiðslurnar. Engin svör hafa borðist frá ráðuneytinu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf til SÍ – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 25. júní 2021.
- Tölvupóstur frá SÍ – Svar við erindi, dags. 8. júlí 2021.
- Bréf til heilbrigðisráðherra – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 8. júlí 2021.
- Fundargerð bæjarráðs Mosfellsbæjar, dags. 15. júlí 2021.

Afgreiðsla: Erindi til heilbrigðisráðherra verður ítrekað.

Kl. 09:15. Haraldur yfirgefur fundinn.

8. Búseta í atvinnuhúsnæði

Verkáætlun fyrir átaksverkefni í kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu kynnt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Verkefnaáætlun um kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði – Höfuðborgarsvæðið, ódags.

Afgreiðsla: Samþykkt og sent til kynningar í aðildarsveitarfélögunum.

9. Önnur mál SHS

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, ítrekaði mikilvægi þess að klára ákvörðunartöku um staðsetningu nýrrar slökkvistöðvar í stað Tunguhálsstöðvarinnar í tengslum við uppbyggingu á Arnarnesveginum.

Afgreiðsla: Boðað verði til fundar með Reykjavíkurborg, Kópavogi og Vegagerðinni.

Fundi slitið klukkan 09:40.

Næsti fundur er áætlaður 17. september.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

FAHS:

- Árshlutauppgjör SHS janúar – mars 2021, dags. 18. júní 2021.
- Reglugerð 746 um brottfall reglugerðar nr. 691 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 24. júní 2021.
- Reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 24. júní 2021.
- Reglugerð 797 um (1.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 5. júlí 2021.
- Reglugerð 865 um (2.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 20. júlí 2021.
- Reglugerð 878 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 23. júlí 2021.
- Reglugerð 886 um (1.) breytingu á reglugerð 878 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 26. júlí 2021.
- Reglugerð 907 um (4.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 4. ágúst 2021.
- Reglugerð 915 um (2.) breytingu á reglugerð 878 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, dags. 11. ágúst 2021.
- Reglugerð 916 um (5.) breytingu á reglugerð 747 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, dags. 11. ágúst 2021.
- Leiðbeiningar fyrir skóla á höfuðborgarsvæðinu í upphafi skólaárs vegna farsóttar, dags. 20. ágúst 2021.

SHS:

- Árshlutareikningur SHS janúar – júní 2021, dags. 20. ágúst 2021.
- Könnunarskýrsla Grant Thornton vegna árshlutareiknings SHS janúar – júní 2021, dags. 20. ágúst 2021.
- Bókun endurskoðunarnefndar vegna árshlutareiknings SHS janúar – júní 2021, dags. 19. ágúst 2021.
- Bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar um undirbúning, vinnslu og skil fjárhagsáætlunar 2022 og fimm ára áætlunar 2022-2026, dags. 5. júlí 2021.
- Forsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna fjárhagsáætlunar 2022 og fimm ára áætlunar 2022-2026 fyrir borgarráð, dags. 22. júní 2021.
- Forsendur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fjárhagsáætlunar 2022 og fimm ára áætlunar 2022-2026, dags. 1. ágúst 2021.
- Forsendur Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna fjárhagsáætlana 2022-2026, dags. 13. ágúst 2021.
- Bréf til SÍ – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 25. júní 2021.
- Tölvupóstur frá SÍ – Svar við erindi, dags. 8. júlí 2021.
- Bréf til heilbrigðisráðherra – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 8. júlí 2021.
- Fundargerð bæjarráðs Mosfellsbæjar, dags. 15. júlí 2021.
- Verkefnaáætlun um kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði – Höfuðborgarsvæðið, ódags.